Fjölbrautaskóli Snæfellinga – Sjálfsmatsskýrsla 2011-2012

Október 2012

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir
Pétur Ingi Guðmundsson
Pétur Vilbergur Georgsson
Jón Eggert Bragason

Efnisyfirlit

1 Inngangur 3
1.1 Töluleg gögn um skólastarfið 4
1.2 Samstarf við grunnskóla 5
1.3 Um námsárangur 5
1.4 Ástundun 5
1.5 Kennslumat 6
1.6 Sjálfsrýni nemenda – vörður 6
1.7 Sjálfsrýni kennara 6
1.8 Viðhorfskönnun 6
1.9 Viðhorfskönnun haustannar 7
1.10 Viðhorfskönnun vorannar 9
1.11 Samanburður viðhorfskannana 10
1.12 Leiðsagnarmat 11
2 Samstarf framhaldsskóla 11
2.1 Fjarnámsbraut til stúdentsprófs 11
2.2 Samstarf framhaldsskóla á Vesturlandi 12
3 Framhaldsdeild Fjölbrautaskóla Snæfellinga á Patreksfirði 12
4 Yfirlit yfir brottfall 12
5 Könnun á viðhorfum útskriftarnema FSN vorið 2012 13
6 Fylgiskjal 1 – Sniðmát fyrir kennsluskýrslu kennar 15

Fjölbrautaskóli Snæfellinga - Grundargötu 44, 350 Grundarfjörður - S: 430-8400 - fsn@fsn.is - www.fsn.is

1 Inngangur

Sjálfsmatsverkefni skólaársins 2011/2012 voru unnin samkvæmt þriggja ára áætlun sem samþykkt var haustið 2006 og endurskoðuð 2010. Sjálfsmatsáætlunina er að finna á heimasíðu skólans http://www.fsn.is/sjalfsmat/sjalfsmatsaaetlun/.

Þættir sem voru á dagskrá sjálfsmatsáætlunar á skólaárinu 2011/2012:

- Kennslumat (1/3)
- Mannauður skólans – starfsfólk
- Upplýsingar um námsárangur (skimun skm.)
- Viðhorfskönnun: líðan, aðstaða, skipulag kennslu
- Sjálfsrýni nemenda – vörður
- Sjálfsrýni kennara
- Mat á kennsluháttum og kennsluaðferðum
- Nýting upplýsingatækni í skólastarfi
- Könnun á viðhorfum útskriftarnema í FSN
- Söfnun ganga (fjöldi nemenda, starfsmanna, brautir og kyn nemenda)

1.1 Töluleg gögn um skólastarfið

Á haustönn 2011 stunduðu 232 nemendur nám við skólann. Í nemendahópnum voru 119 drengir og 113 stúlkur. Á vorönn 2012 voru nemendur 217, 102 drengir og 115 stúlkur.



Í lok september 2011 eru 111 skráðir á félagsfræðibraut, 47 á náttúrufræðibraut, 3 á málabraut, á almennri braut eru 44 nemendur, 6 nemendur voru skráðir á fyrsta námsár í málm- og byggingagreinum (FN) og 7 nemendur á starfsbraut.



Á haustönn 2011 og vorönn 2012 voru starfsmenn skólans 33 í 27 stöðugildum.



1.2 Samstarf við grunnskóla

Haustið 2011 benti FSN skólastjórum grunnskóla á norðanverðu Snæfellsnesi á að þeir gætu samið við kennara skólans um umsjón með kennurum/nemendum grunnskólanna sem vildu undirbúa sig fyrir stöðupróf í tilteknum áföngum um vorið. Grunnskóli Grundarfjarðar og Grunnskóli Snæfellsbæjar voru í samstarfi við stærðfræð- og enskukennara þennan vetur. Af þeim sem tóku þátt í þessu verkefni sem er alfarið á kostnað sveitarfélaganna komu tólf í FSN, tíu fengu áfangann ENS103 metinn og tveir STÆ103.

1.3 Um námsárangur

Ákveðið var 2007 að hætta að taka saman heildarupplýsingar um námsárangur, einkunnir og föll. Sjálfsmatshópur lagði þá áherslu á að einhver yfirsýn fengist um námsárangur og skólameistari kannaði árangur í einstökum hópum, skimaði einkunnir og skoðaði nánar þau tilvik sem þörfnuðust skoðunar, með kennurum. Þeirri aðferð var beitt á skólaárinu 2011 - 2012. Um námsárangur hvers hóps er fjallað á fundum sem skólameistari á með hverjum kennara.

1.4 Ástundun

Af 33 nemendum sem kallaðir voru í viðtal á haustönn 2011 hjá skólameistara og námsráðgjafa fengu um helmingur skriflega áminningu og hinn munnlega ásamt samningi um reglulega fundi með námsráðgjafa.
Á vorönn voru 23 kallaði á fund og samningur gerður við sex um að skólinn liti svo á að þeir hefðu sagt sig frá námi batni ástundun ekki til muna á næstu vikum. Átta fengu skriflega áminningu og níu samning við námsráðgjafa.

Stærsti hluti þeirra nemenda sem fá áminningu kjósa að hverfa frá námi áður en til formlegs samnings kemur. Nokkur hluti lögráða nemenda sem fengið hafa formlega áminningu óska eftir því að gerast dreifnemar á næstu önn í stað þess að eiga á hættu að vera vísað frá námi. Gagnvart ólögráða nemendum með mjög slaka ástundun reynum við að teygja á ferlinu þannig að þau geti lagt stund á nám í allt að tvö ár.

1.5 Kennslumat

Samkvæmt framkvæmdaáætluninni um sjálfsmat er stefnan sú að meta kennslu hjá þriðjungi kennarahópsins á hverri önn. Kennarar fara síðan í viðtal til skólameistara og þar eru niðurstöður úr kennslumati ræddar, auk niðurstaðna úr sjálfsmati sem kennarar eru beðnir að gera fyrir viðtalið. Skólameistari og kennari koma sér síðan saman um framhaldið, ræða til dæmis hugmyndir um endurmenntun eða þróun kennarans í starfi og hvort einhverjar áherslubreytingar eru æskilegar varðandi starf kennarans. Þriðjungur kennarahópsins var metinn á haustönn 2011 og annar þriðjungur á vorönn 2012. Í báðum tilvikum voru kannanir lagðar fyrir nemendur í LimeSurvey í þeim áföngum sem viðkomandi kennarar kenndu. Unnið var úr þessum kennslukönnunum og niðurstöður sendar til kennara. Eftir að hver kennari hafði fengið ráðrúm til að skoða sínar upplýsingar fór hann í viðtal hjá skólameistara. Eftir hvora önn skiluðu kennarar áfangaskýrslum til skólameistara, sjá fylgiskjal 1.

1.6 Sjálfsrýni nemenda – vörður

Þessum þætti var ekki gerð sérstök skil af sjálfsmatshópnum en minnt á að þessum þætti er sinnt í mörgum áföngum af kennurum í tengslum við leiðsagnarmats.

1.7 Sjálfsrýni kennara

Þessum þætti var ekki gerð sérstök skil af sjálfsmatshópnum en minnt á að kennarar vinna sjálfsmat og skila allir kennarar kennsluskýrslu til skólameistara í lok hverrar annar. Í þessari kennsluskýrslu er farið fram á að kennarar rýni í eigin kennslu og kennsluaðferðir, skrifi niður hugmyndir um það sem má breyta og dragi fram það sem vel heppnaðist.

1.8 Viðhorfskönnun

Viðhorfskönnun er lögð fyrir alla nemendur skólans á hverri önn þar sem ýmsir þættir eru kannaðir, s.s. líðan nemenda, viðhorf þeirra til aðstöðunnar í skólanum og til skipulags kennslunnar. Megintilgangur þessara kannana er að taka púlsinn á líðan nemenda í skólanum og viðhorfum þeirra gagnvart skólanum og að geta þannig metið stöðuna með nokkurri vissu og þá brugðist við eftir þörfum. Könnunin er megindleg, í formi spurningalista, sem er send nemendum í tölvupósti, en þau hafa u.þ.b. viku til að svara. Sjálfsmatshópur FSN ásamt kennurum skólans hefur hvatt nemendur til að svara, þar sem nemendum er ætlaður tími til að vinna þetta í ákveðinni kennslustund. Sjálfsmatshópur FSN tekur spurningalistann, sem

notaður er, til gagnrýninnar umræðu á hverri önn. Niðurstöður eru síðan kynntar á kennarafundi og nemendur fá kynningu á niðurstöðum á húsfundi.

1.9 Viðhorfskönnun haustannar

Viðhorfskönnun haustannar fór fram í nóvember 2011. Helstu niðurstöður voru þær að 93 af hundraði nemenda líður mjög vel eða frekar vel í skólanum og 92% nemenda lýsa ánægju sinni með veru sína í skólanum. Einnig kom fram að nemendur eru ánægðir með kennsluáherslur skólans eins og sést á meðfylgjandi mynd.

Skólinn hefur stefnt að því frá upphafi að nemendur sjái skólann sinn sem vinnustað, þar sem áhersla er lögð á að nemendur geti unnið að verkefnum á skólatíma þar sem stór hluti þeirra mætir með rútum á morgnana og fer heim að skóladegi loknum, þess vegna er ánægjulegt að sjá hversu margir nemendur nýta sér tímann í skólanum til þess að „læra heima".



1.10 Viðhorfskönnun vorannar

Viðhorfskönnun vorannar fór fram í apríl 2012. Helstu niðurstöður voru þær að um 86 af hundraði nemenda líður mjög vel eða frekar vel í skólanum og 89 af hundraði nemenda lýsa einnig ánægju sinni með veru sína í skólanum.



Fjölbrautaskóli Snæfellinga - Grundargötu 44, 350 Grundarfjörður - S: 430-8400 - fsn@fsn.is - www.fsn.is

Um áramótin 2010 - 2011 var föstum tímum fjölgað úr tveimur í þrjá í þriggja eininga áföngum. Nemendur eru ánægðir með þessa skiptingu en í fasta tíma er mætingarskylda en ekki í verkefnatíma.



1.11 Samanburður viðhorfskannana

Samanburður og samantekt

Festa og stöðugleiki virðist vera í starfsháttum skólans og nemendur gefa flestum þáttum hærri einkunn en undanfarnar annir, ef eitthvað er mikilvægt í skólastarfi þá er það að nemendum líði vel í skólanum og það er ánægjulegt að mun hærra hlutfall svarar þannig á þessum vetri miðað við veturinn á undan.

Þetta er þriðja árið sem við mælum viðhorf nemenda til kennsluaðferða og námsmats og það er ánægjulegt að sjá að nemendur eru á sömu skoðun og kennarar með að leiðsagnarmat og verkefnamiðaðar kennsluaðferðir séu af hinu góða.

1.12 Leiðsagnarmat

Sagt hefur verið frá vinnu við leiðsagnarmat í skólanum í fyrri sjálfsmatsskýrslum.

Markmið skólans í leiðsagnarmati eru:

- Allur skólinn fylgi fyrirkomulagi leiðsagnarmats við mat á námi og ástundun nemenda
- Nemendur taki þátt í sjálfsmati samkvæmt persónubundinni námsáætlun
- Bæta námsárangur og ástundun
- Minnka brottfall
- Bæta líðan nemenda í skólanum
- Auka samvinnu kennara
- Skólinn verði í fararbroddi við þróun leiðsagnarmats

Einkenni leiðsagnarmats er að nemandinn er þátttakandi í námsmatsferlinu og leitast er við að gera námsmatið að órjúfanlegum hluta af námi hans. Matið þarf því að vera innbyggt í kennsluna og kennarar gera ráð fyrir námsmati um leið og kennsla er undirbúin. Megintilgangur leiðsagnarmats er að gera nemendur meðvitaða um það sem þeir læra, hvernig þeir læra og til hvers er ætlast af þeim. Leiðsagnarmat byggist á góðri endurgjöf frá kennurum sem nemendur geta nýtt sér til að verða meðvitaðir um eigin námsframvindu, skýrum markmiðum og matsviðmiðum til að nemendur geti vitað til hvers er ætlast af þeim. Nemendur fá tækifæri til að meta eigið nám með sjálfsmati svo þeir skilji tilganginn með námi sínu og hvað þarf til að ná árangri.

2 Samstarf framhaldsskóla

2.1 Fjarnámsbraut til stúdentsprófs

Sótt var um leyfi í janúar 2012 til þess að innrita á fjarnámsbraut til stúdentsprófs með áherslu á umhverfis- og auðlindafræði. Leyfið fékkst seint á vorönn og farið var í kynningu á brautinni og á haustönn 2012 hófu 14 nemendur nám á brautinni. Brautin er samstarfsverkefni fjögurra framhaldsskóla þ.e.

- FAS - Framhaldsskólinn í Austur Skaftafellssýslu
- FSN - Fjölbrautaskóli Snæfellinga
- MTR –Menntaskólinn á Tröllaskaga
- ME – Menntaskólinn á Egilsstöðum

Verkefnið hefur opnað heimasíðu http://www.fjarmenntaskolinn.is

2.2 Samstarf framhaldsskóla á Vesturlandi

Haustið 2011 hófst formlegt samstarf Fjölbrautaskóla Vesturlands og FSN með grunnnámi í bygginga- og málgreinum þar sem stærsti hluti námsins fer fram í FSN en nemendur sækja fjórar lotur í verklegtnám í FVA. Kennt er eftir áfangalýsingum FVA.

3 Framhaldsdeild Fjölbrautaskóla Snæfellinga á Patreksfirði

Fjölbrautaskóli Snæfellinga – FSN, hóf rekstur framhaldsdeildar á Patreksfirði haustið 2007. Aðilar að samningi um rekstur deildarinnar eru: Mennta- og mennigarmálaráðuneytið, sveitarfélögin Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur og Fjölbrautaskóli Snæfellinga. Samningurinn var til fjögurra ára og rann út vorið 2011 og hefur nýr samningur ekki verið undirritaður en verkefnið er á fjárlögum 2012 og heldur því áfram.

Haustið 2011 eru 26 nemendur í deildinni og helmingur þeirra er að hefja nám í framhaldsskóla en það er um 80% útskrifaðra 10. bekkinga vorið 2011 á sunnanverðum Vestfjörðum.

Í framhaldsdeildinni geta nemendur af suðursvæði Vestfjarða stundað nám á framhaldsskólastigi undir stjórn kennara í Grundarfirði með aðstoð nútíma upplýsingatækni. Starfsmenn framhaldsdeildar á Patreksfirði veita nemendum leiðsögn á staðnum og halda utan um starfsemina.

Nám og kennsla í framhaldsdeildinni byggir á aðferðum dreifmenntar, en almennt má segja að dreifmennt sé góður kostur til að brúa bil milli landshluta og gera einstaklingum kleift að stunda það nám sem þeir kjósa sér hvar sem þeir eru staddir. Sjálfstæði í námi er oft meira þar sem nemendur fá ekki eins mikið innlegg og stuðning frá kennara og nemendur í móðurskóla - nemendur þurfa því að taka mikla ábyrgð á eigin námi.

Á rikisstjórnarfundi sem haldinn var 14. apríl 2011 á Ísafirði var samþykkt að veita kr. 6.000.000 aukalega til FSN til þess að bæta aðstöðu til náms í deildinni bæði með aukinni kennslu í deildinni (staðbundin stærðfræðikennsla) og með því að endurnýja tækjabúnað og huga að nýjum leiðum til dreifkennslu. Samningur um þessa fjárveitingu hefur verið undirritaður og eru kr. 4.800.000 ætlaðar til verkefnisins fram til áramóta 2012 – 2013.

4 Yfirlit yfir brottfall

Fram að hausti 2011 var yfirlit yfir brottfall í skólanum byggt á samanburði á skráðum einingum og einingum til prófs. Frá og með hausti 2011 er miðað við skráða nemendur í INNU við upphaf og lok annar. Þetta er vert að hafa í huga við samanburð á milli ára.



5 Könnun á viðhorfum útskriftarnema FSN vorið 2012

Sextán nemendur stefndu að útskrift af stúdentsprófsbrautum vorið 2012 og sjálfsmatshópurinn ákvað að kynna sér viðhorf þeirra, þar sem áherslan var lögð á að skoða hvernig nemendum fannst þjónustan í skólanum, skólabragurinn, kennslan og undirbúningurinn fyrir framtíðina. Eitt af því sem var athugað var hversu vel nemendur teldu sig vera undirbúna fyrir áframhaldandi nám. En svör voru dreifð og hugsanlega mikilvægt að skoða nánar í framtíðinni hvað þeir nemendur sem eru ekki fyllilega sáttir telja að vanti upp á. Sjálfsmatshópur telur nauðsynlegt verkefni að fá nánari upplýsingar með rýnihópsviðtölum við útskriftarnemendur.



Flestir útskriftarnema voru á þeirri skoðun að námsráðgjöfin í skólanum hefði nýst þeim vel, andinn í skólanum góður og samskipti þeirra og annara nema góð. Nemendur gáfu skólanum einkunn og meðaleinkunnin var 7,9. Félagslífið í skólanum fékk líka einkunn en meðaleinkunnin þar var 5,9. Flestir nemendur voru einnig ánægðir með kennara skólans, en þeir fengu meðaleinkunnina 7,9.

FSN var svo gefin meðaleinkunnin 7,7.

Eitt af því sem var ákveðið að skoða var hvernig nemendum finnst samskipti sín við starfsfólk skólans vera, en 94% telja þau hafa verið mjög góð eða góð.

Af þeim sem svöruðu þessari könnun vildu 88% mæla með skólanum við aðra.

6 Fylgiskjal 1 – Sniðmát fyrir kennsluskýrslu kennara í annarlok

1. **Hugmyndir eða óðar flugur.**
2. **Kennari.**
3. **Áfangi.**
4. **Önn.**
5. **Hvernig kennsluhætti notaðir þú í áfanganum? Hvernig var tímanum varið? (Kennsluaðferðir, vikuáætlanir, þemaáætlanir, nýjungar).**

6. **Hvernig var námsmat í áfanganum? (T.d. símat eða lokapróf, gerð verkefna, hlutfall einstaklingsverkefna og hópverkefna og fleira sem máli skiptir).**

7. **Hvernig gekk kennslan að þínu mati? Gekk eitthvað sérstaklega vel? Gekk eitthvað öðruvísi en áætlað var?**

8. **Gerir þú ráð fyrir að breyta einhverju í áfanganum fyrir næstu önn? Hverju? Hvernig?**

Vinsamlega skráið eftirfarandi upplýsingar um áfangann

9. **Fjöldi nemenda skráður í upphafi annar (eftir úrsagnardag).**

10. **Brottfall (fjöldi nemenda sem hættir eftir úrsagnardag).**

11. **Hlutfall nemenda með falleinkunn.**

12. **Meðaleinkunn.**

13. Einkunnadreifing (stöplarit úr INNU).

14. **Fleiri atriði sem þú vilt koma á framfæri varðandi kennsluna? (T.d. nýjungar, hugmyndir sem kviknuðu, hugleiðingar).**